

Minnisblað um vegaf framkvæmdir og stöðu vegáætlunar á árinu 2022



1. Fyrirspurn frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur ákveðið að taka vegaf framkvæmdir á árinu 2022 til skoðunar og þ.a.l. samþykkt að óska eftir minnisblaði frá Vegagerðinni um stöðu vegáætlunar 2022. Í minnisblaðinu er þannig mikilvægt að fram komi hvort áætlunin hafi staðist, og ef svo er ekki hverjar breytingarnar eru. Þá er mikilvægt að fram komi hvort áætlanir 2022 fyrir hvern eftirfarandi liða hafi staðist:

1. Tengivegir (bundið slitlag)
2. Breikkun brúa
3. Hjóla- og göngustígar
4. Héraðsvegir
5. Landsvegir utan stofnvegakerfis
6. Styrkvegir
7. Reiðvegir
8. Smábrýr
9. Girðingar
10. Sameiginlegur jarðgangakostnaður
11. Samgöngurannsóknir

2. Samgönguáætlun 2020-2024

Þingsályktun um breytingu á fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á Alþingi 31. maí 2021. Á sama tíma var einnig samþykkt fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026.

Eins og kemur fram í þingsályktun um breytingar á fimm ára samgönguáætlun þá er í áætluninni stillt upp töflu fyrir nýframkvæmdir sem eru ófjármagnaðar um 1.500 m.kr. á ári miðað við fjármálaáætlun. Þetta á við um árin 2022, 2023 og 2024.

Kostnaðaráætlanir í samgönguáætlun 2020-2024 eru settar fram á verðlagi í október 2019 miðað við vísitölu áætlana 17.200. Vísitala áætlana er í dag 21.029 og hefur því hækkað um 22,3%.

Til að bregðast við misræmi fjármálaáætlunar 2022-2026 og samgönguáætlunar 2020-2024 er gert ráð fyrir að seinka upphafi framkvæmda við næsta áfanga í breikkun Suðurlandsvegjar frá Fossvöllum og að Hólmsá. Fyrsti hluti

Þessa verks var boðinn út sumarið 2021 og mun framkvæmdum ljúka 2022. Einnig þarf að seinka upphafi framkvæma við kaflann milli Hólmsár og Norðlingavaðs. Hvenær hægt verður að ráðast í næstu áfanga þessara verka verður að skoða við gerð samgönguáætlunar 2023-2027.

Í kjölfar kæru til kærunefndar útboðsmála vegna Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur um Laxá þá fóru framkvæmdir ekki af stað fyrr en í lok árs 2021 og gert er ráð fyrir að þeim ljúki árið 2023. Því er ráðgert að lækka fjárveitingu til verksins árið 2022 um 300 m.kr. og færa til ársins 2023 sem þyrfti að leiðrétta í endurskoðaðri samgönguáætlun fyrir 2023-2027 með fjárveitingu árið 2023.

Tafla 1: Breyting á fjárveitingu frá gildandi SGÁ

Vegheiti, kaflaheiti	2022 [m.kr.]
Suðurlandsvegur , Fossvellir-Hólmsá	-770
Suðurlandsvegur , Hólmsá-Norðlingavað	-430
Þverárfjallsvegur um Refasveit	-300
Samtals breyting	-1.500

Síða 2/7

Þessi breyting hefur ekki áhrif á framgang framkvæmda við Þverárfjallsveg heldur er einungis til að fylgja áætluðu fjárflæði til verksins en framkvæmdir hófust í nóvember 2021 og áætluð verklok eru í lok árs 2023.

Varðandi heildarstöðu fjárfestinga, þ.e. nýframkvæmda og viðhalds, þá er inneign frá fyrra ári í byrjun árs 2022, 4.210 m.kr. og fjárveiting ársins 26.345 m.kr. Hér er ekki talið með framlag ríkis til Samgöngusáttmála.

Spá fyrir öll verkefni í nýframkvæmdum og viðhaldi gerir ráð fyrir að fjárheimild ársins verði fullnýtt. Reiknað er með heildarkostnaði upp á 30.550 m.kr. á árinu.

Áætlaður kostnaður er samkvæmt nýjustu spám um framvindu verkefna sem gerð var í byrjun maí. Verðbreytingar aðfanga vegna vísitöluhækkunar verða uppfærðar við sex mánaða uppgjör. Núverandi áætlaður kostnaður inniheldur hækkanir þar sem skuldbinding og/ eða kaup hafa raungerst.

Vegagerðin

Gerð var grein fyrir stöðu verkefna fyrir fjárlaganefnd í desember 2021 og fylgir það minnisblað einnig með hér.

Misræmi var á milli fjármálaáætlunar 2022-2026 og samgönguáætlunar 2020-2034 sem nemur um 14.000 m.kr. auk þess sem fjárveitingar í fjármálaáætlun fylgdu ekki þróun í kostnaðarhækkunum og þróun vísitalna í vega- og brúargerð.

Í desember 2021 voru kostnaðaráætlanir allra verka í samgönguáætlun 2020-2034 uppfærðar. Var þetta m.a. gert í tengslum við undirbúning fjármálaáætlunar 2023-2027 og einnig til að sjá hvaða verkefni væri hægt að halda áfram með til framkvæmda á árinu 2022.

Vegagerðin hefur gert tillögu að nýrri framkvæmdatöflu með uppfærðum kostnaðaráætlunum fyrir þau verkefni sem voru tilgreind í samgönguáætlun 2020-2024 og 2020-2034. Miðað var við að ljúka þeim verkefnum sem voru

komin af stað auk þess sem framlag var aukið í bundið slitlag á tengivegi í samræmi við áherslur stjórnarsáttmála (aukið í 2.500 m.kr./ári). Einnig voru settar inn fjárveitingar til undirbúnings Sundabrautar í samræmi við áherslur stjórnarsáttmála. Miðað við þessar forsendur hefði hækkun fjárveitinga til nýframkvæmda þurft að vera um 7.500 m.kr. á ári til þess að hægt væri að standast áætlun með þau verkefni sem tilgreint eru í samgönguáætlun 2020-2024 og 2020-2034. Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2023-2027 er hækkun fjárveitinga um 1.400 m.kr. á ári.

Það er því ljóst að ekki verður hægt að ljúka nýframkvæmdum sem tilgreindar eru í samþykktri samgönguáætlun. Endurskoða þarf forgangsröðun verkefna við gerð samgönguáætlunar 2023-2027 og 2023-2037.

3. Staða einstakra verkefna sem hafa fjárveitingar í vegáætlun á árinu 2022:

Síða 3/7

Hringvegur um Núpsvötn

Verkið var boðið út í júní 2021 og áætluð verklok eru í nóvember 2022.

Hringvegur um Mýrdal

Gert er ráð fyrir að þetta verkefni verði unnið sem samvinnuverkefni. Unnið hefur verið að forhönnun valkosta og rannsóknarholur hafa verið boraðar í Reynisfjalli til að kanna jarðfræðiaðstæður vegna jarðganga. Framkvæmdin er í matsferli vegna umhverfisáhrifa. Skipulagsstofnun samþykkt tillögu að matsáætlun með skilyrðum í apríl 2022. Gert er ráð fyrir að matsferlinu ljúki seinni hluta árs 2022.

Hringvegur um Ölfusá

Verkefnið er unnið sem samvinnuverkefni þar sem gert er ráð fyrir að fjármagna framkvæmdina með gjaldtöku. Vegagerðin er í samvinnu við innviðaráðuneyti og fjármálaráðuneyti að vinna að nánari útfærslum fjármögnunar. Stefnt er að því að auglýsa forval vegna alútboðs í júní 2022 og gera áætlanir ráð fyrir að verksamningur geti verið kominn á snemma árs 2023. Framkvæmdir gætu því hafist sumarið 2023 og gert ráð fyrir 2,5-3 ára verktíma.

Vegagerðin

Hringvegur, Biskupstungnabraut-Varmá

Framkvæmdir við annan áfanga breikkunar Hringvegar milli Hveragerðis og Selfoss hófust vorið 2020. Lengd kaflans er 7,1 km og eru verklok samkvæmt verksamningi í september 2023. Verkefnið hefur þó unnist hraðar og núverandi verkáætlun gerir ráð fyrir að það verði tekið í notkun að fullu árið 2022. Framkvæmdir eru einnig í gangi við gerð Ölfusvegar og Sunnumörk í Hveragerði ásamt gerð nýrrar brúar á Varmá norðan Suðurlandsvegar. Áætluð verklok eru haustið 2022.

Skeiða- og Hrunamannavegur um Stóru Laxá

Verkið var boðið út í ágúst 2021 og áætluð verklok eru haustið 2022.

Hringvegur, Fossvellir-Hólmsá

Fyrri hluti verksins var boðinn út sumarið 2021 og eru áætluð verklok á árinu 2022. Við gerð samgönguáætlunar 2023-2027 þarf að skoða hvenær hægt er að koma seinni áfanga þessa verks fyrir.

Hringvegur, Hólmsá-Norðlingavað

Eins og fram kemur hér að ofan þarf að seinka upphafi þessarar framkvæmdar. Við gerð samgönguáætlunar 2023-2027 þarf að skoða hvenær hægt er að koma þessu verki til framkvæmda. Unnið hefur verið að umhverfismati framkvæmdarinnar og var frummatsskýrsla lögð fram og kynnt í maí 2022 og er undirbúningur hafinn að frekari hönnun.

Hringvegur um Kjalarnes

Fyrri áfangi verksins var boðinn út sumarið 2020 og áætluð verklok eru á árinu 2023. Reiknað er með að framkvæmdir við seinni áfanga verksins geti hafist á árinu 2023 og að þeim ljúki á árinu 2025. Það skýrist þó betur við gerð samgönguáætlunar 2023-2027.

Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun

Á árunum 2020-2022 var unnið að for- og verkhönnun þessarar framkvæmdar. Verkið var einnig í matsferli vegna mats á umhverfisáhrifum sem lauk með áliti Skipulagsstofnunar í desember 2021. Einnig hefur verið unnið að skipulagsbreytingum í Hafnarfirði og við samningagerð við landeigendur. Stefnt er að því að bjóða þessa framkvæmt út sumarið 2022 og áætluð verklok eru á árinu 2025.

Snæfellsnesvegur um Skógarströnd, ýmsir staðir

Um er að ræða 5,4 km langan veg ásamt tveimur nýjum brúm yfir Skraumu og Dunká. Verkið var boðið út sumarið 2021 og eru áætluð verklok sumarið 2023.

Vestfjarðavegur um Gufudalssveit

Verkinu er skipt í fimm áfanga og hafa fjórir þeirra verði boðnir út og framkvæmdum við einn áfanga er lokið. Reiknað er með að framkvæmdir við síðasta áfangann hefjist á árinu 2023 og að öllu verkinu ljúki árið 2025. Það skýrist þó betur við gerð samgönguáætlunar 2023-2027.

Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði

Verkinu er skipt í þrjá áfanga. Framkvæmdir við fyrsta áfanga stóðu yfir á árunum 2020-2022. Annar áfangi var boðinn út í júní 2022 og eru áætluð verklok fyrir þann áfanga sumarið 2024. Reiknað er með að framkvæmdir við síðasta áfangann hefjist á árinu 2024 og að þeim ljúki á árinu 2025. Það skýrist þó betur við gerð samgönguáætlunar 2023-2027.

Hringvegur um Skjálfandafliót

Ný brú á Skjálfandafliót við Fosshól í stað einbreiðrar brúar. Undanfarið hefur verið unnið að for- og verkhönnun og verkið er tilbúið til útboðs. Ekki er þó gert ráð fyrir að bjóða þetta verk út á árinu og þarf að skoða hvenær hægt verður að koma því fyrir við gerð samgönguáætlunar 2023-2027

Þverárfjallsvegur um Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá

Verkið var boðið út sumarið 2021 og áætluð verklok eru á árinu 2023.

Hringvegur um Hornafjarðarfljót

Verkefnið er unnið á grundvelli laga um samvinnuverkefni. Árið 2021 var boðin út framkvæmd og fjármögnun. 2 tilboð bárust í febrúar 2022 en tilboð í langtímafjármögnun voru óhagstæð. Verkefnið var því boðið út að nýju sem framkvæmd og framkvæmdafjármögnun og voru tilboð opnuð í maí 2022 og unnið er að undirbúningi verksamnings á grundvelli þess útboðs. Gert er ráð fyrir upphafi framkvæmda sumarið 2022 og verklokum haustið 2025.

Síða 5/7

Borgarfjarðarvegur, Eiðar-Laufás

Framkvæmdir hófust í ágúst 2021 og áætluð verklok eru haustið 2022.

Axarvegur um Öxi

Þetta verkefni er unnið sem samvinnuverkefni. Stefnt er að því að auglýsa forval vegna alútboðs með framkvæmdafjármögnun í júní 2022 og gera áætlanir ráð fyrir um 3 ára verktíma og verklokum 2025-2026.

Fjarðarheiðargöng

Fjarðarheiðargöng eru á lokastigi hönnunar, verið er að ljúka umhverfismati sumarið 2022 og nauðsynlegum breytingum á skipulagsáætlunum. Unnið er að undirbúningi útboðs vegna verkframkvæmda sem miða að því að nauðsynlegum undirbúningsframkvæmdum verði lokið haustið 2023 þannig að hægt verði að hefja jarðgangagröft fyrir veturinn 2023/24. Að öðrum kosti hefst ekki jarðgangagröftur fyrr en vor/sumar 2024.

Áætlaður framkvæmdatími vegna 13,3 km langra jarðganga er 6 -7 ár og er áætlaður heildarkostnaður við gerð Fjarðarheiðarganga um 45 ma.kr. þar af eru rúmir 5 ma.kr vegna vega- og brúagerðar utan ganga.

Vegagerðin

4. Staða sameiginlegra verkefnaflokka á vegáætlun 2022

Varðandi sameiginlegu liðina má almennt segja að gert er ráð fyrir því að þær fjárveitingar verði fullnýttar. Eftirfarandi er stutt lýsing á einstökum liðum.

1. Tengivegir (bundið slitlag)

Fjárveiting er 2.485 m.kr. og er gert ráð fyrir að hún verði fullnýtt. Helstu verkefni sem unnið er að á árinu eru sýnd í eftirfarandi töflu og má sjá nánar í

vegasjá á vef Vegagerðarinnar ef kveikt er á þekju fyrir framkvæmdir:

www.vegasja.vegagerdin.is

Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd [km]
Holtavegur	Hunkubakki-Fjaðrárgljúfur	2,0
Skafartunguvegur	Hlíð-Gröf	3,0
Dyrhólavegur	Dyrhólavegur-Viti	1,4
Rangárvallavegur	Hróarslækur-Gunnarsholt	2,5
Oddavegur	Vindás-Landeyjavegur	3,0
Langholtavegur	Frá slitlagsenda að Auðholtssvegi	1,7
Hrunavegur	Hrunamannavegur-Kaldbaksvegur	3,6
Búrfellsvegur	Milli slitlagsenda	4,3
Hafravatnsvegur	Frá Nesjavallaleið	4,0
Melasveitarvegur	Bakki-Svínabú	5,0
Þverárhliðarvegur	Gunnlaugsst.-Sigmundastaðir	8,3
Álftaneshreppsvegur	Snæfellsnesv. - Leirulækur	8,3
Klofningsvegur	Vestfjarðavegur-Hafnará	8,0
Steinadalavegur	Vestfjarðavegur-Ólafsdalur	7,0
Tryggvabraut	við Glerártorg	1,0
Laxárdalsvegur	Sýslumörk-Innstrandavegur	7,5
Vatnsnesvegur	Kárastaðir-Ánastaðir	6,5
Vatnsnesvegur	Þorfinnsstaðir-Vesturhópshólaá	3,0
Reykjastrandarvegur	Þverárfjallsvegur-Fagranes	5,5
Jökuldalsvegur	Arnórsstaðir-Hákonarstaðir	8,8
Upphéraðsvegur	Um Ásklif	3,7
Hafnarhólmsvegur	Borgarfj.- Hafnarhólmi	4,8

Síða 6/7

2. Breikkun brúa

Fjárveiting er 500 m.kr. og er gert ráð fyrir að hún verði fullnýtt í nýja brú á Hverfisfljóti á Hringvegi. 130 m.kr. inneign frá fyrra ári verður einnig notuð í nýja brú á Vesturhópshólaá á Vatnsnesvegi.

3. Hjóla- og göngustígar

Fjárveiting er 270 m.kr. auk 115 m.kr. inneignar frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að fjárhæðin verði fullnýtt. Verkefni sem unnið er að á árinu eru í eftirfarandi sveitarfélögum: Árborg, Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra, Reykjanesbæ, Vogum, Akureyrarbæ, Svalbarðsstrandarhreppi, Skútustaðahreppi, Fjarðabyggð og Múlaþingi.

4. Héraðsvegir

Fjárveiting er 110 m.kr. sem gert er ráð fyrir að verði fullnýtt. Verkefni ársins ráðast af þeim umsóknum sem berast um nýja héraðsvegi.

5. Landsvegir utan stofnvegakerfis

Fjárveiting er 160 m.kr. auk 10 m.kr. inneignar frá fyrra ári. Reiknað er með að fjárhæðin verði fullnýtt á árinu.

6. Styrkvegir

Fjárveiting er 150 m.kr. auk 34 m.kr. inneignar frá fyrra ári. Tillaga um úthlutun á 184 m.kr. til 56 aðila liggur nú til samþykktar hjá innviðaráðuneytinu.

7. Reiðvegir

Fjárveiting er 125 m.kr. auk 7 m.kr. inneignar frá fyrra ári. Þessu hefur verið úthlutað til hestamannafélaga og í ákveðnar ferðaleiðir samkvæmt tillögu frá Landssambandi hestamannafélaga.

Síða 7/7

8. Smábrýr

Fjárveiting er 50 m.kr. sem reiknað er með að verði að fullnýtt. Í flestum tilfellum snýst þetta um að skipta út smábrúm fyrir ræsi þar sem því verður við komið.

9. Girðingar

Fjárveiting er 60 m.kr. auk 22 m.kr. inneignar frá fyrra ári. Þessu verður varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Reiknað er með að fjárveiting verði fullnýtt á árinu.

10. Sameiginlegur jarðgangakostnaður

Fjárveiting er 10 m.kr. sem reiknað er með að verði fullnýtt vegna undirbúningsvinnu við ýmis jarðgöng.

Vegagerðin

11. Samgöngurannsóknir

Fjárveiting er 20 m.kr. sem reiknað með að hún verði fullnýtt. Helstu verkefni ársins eru:

- Umhverfismat samgönguáætlunar
- Jarðgöng: Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðapróun
- Félagshagfræðigreining Sundabrautar